

# Íslenskubjálfarinn innan verslunar og þjónustu

## Trappa / Krístrún Lind Birgisdóttir

Lok verkefnis: **16.3.2021**

### 1. Heiti verkefnis og nafn styrkþega

Íslenskubjálfarinn innan verslunar og þjónustu. Trappa / Krístrún Lind Birgisdóttir.

### 2. Um verkefnið

Í verkefninu felst að þróa námsefni og námskeið fyrir starfsmenn í verslun og þjónustu sem tala annað móðurmál en Íslensku. Með námskeiðinu er ætlunin að þjálfar starfsfólki í að tala starfstengda íslensku, styrkja það í samskiptum og vinna með hverjum og einum á sínum forsendum og hraða.

### 3. Markmið verkefnis

Markmiðið er að þróa rafrænt námskeið fyrir starfsfólk með annað tungumál en íslensku sem starfar innan verslunar og þjónustu þar sem megináherslan er lögð á starfstengda færni til að tala íslensku. Markmiðið er að námskeiðin hafi yfirfærslugildi á aðrar starfsgreinar og verði viðbót við þau íslenskunámskeið sem boðið er upp á í dag.

### 4. Hverjir voru helstu samstarfsaðilar?

Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar – SÍMEY og Íslenskuþorpið.

### 5. Hver er helsti ávinningur af verkefninu fyrir markhóp framhaldsfræðslunnar?

Verkefnið eykur möguleika útlendinga sem vilja setjast að á Íslandi að verða sér út um þjálfun í töluðu máli í öruggu umhverfi sem jafnframt er aðgengilegt óháð búsetu og jafnar aðgengi útlendinga að íslenskunámi. Verkefnið eykur þjónustu við íbúa með fjarskiptum á einfaldan og ódýran máta.

### 6. Lokaafurð/ir verkefnis

Handbók með leiðbeiningum fyrir kennara, fjögur starfstengd heimaverkefni sem tengjast vinnustað starfsfólks og námskeiðsglærur (allt að 80- 100 glærur) fyrir starfsfólk sem starfar innan verslunar og þjónustu. Námssefnið miðast við kennslu í 40 klst.